

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. apríl 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-14/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. mars sl. bað X, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á þvottavél hjá Y. Álitsbeiðandi segir þvottavélina vera ónýta og vill fá nýja þvottavél eða kaupverðið endurgreitt. Þá vill hann að seljandi greiði kostnað við skoðun og bilanagreiningu á þvottavélinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 13. mars sl., og bárust nefndinni andsvörin 19. s.m. Álitsbeiðanda var með bréfi, dags. 31. mars, gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær nefndinni 6. apríl. Kærunefndin óskaði eftir því við álitsbeiðanda að fá upplýsingar um kaupverð þvottavélarinnar og kostnað af viðgerð á henni með bréfi, dags. 11. apríl, og bárust þær nefndinni 14. apríl. Með bréfi, dags. 16. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu. Álitsbeiðandi lét nefndinni í té til skoðunar leiðbeiningabækling sem fylgdi þvottavélinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa fest kaup á Z hjá Y, en samkvæmt reikningi fyrir kaupunum er um gerðina A. Kaupin fóru fram 20. ágúst 2004 og kostaði þvottavélin kr. 61.040 auk virðisaukaskatts. Álitsbeiðandi segir þvottavélina nú vera ónýta, eftir aðeins þriggja og hálfis árs heimilisnotkun. Fram kemur í tölvupósti álitsbeiðanda til seljanda að mótór þvottavélarinnar sé ónýtur og kostnaður við viðgerð það mikill að betur borgi sig að kaupa nýja þvottavél en að skipta um mótór. Staðfest er í tölvupósti frá viðgerðarmanni fyrirtækisins B að mótór vélarinnar er bilaður.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir að samkvæmt upplýsingum frá viðgerðaraðila megi rekja bilunina í þvottavélinni til rangrar notkunar hennar og því geti viðgerð ekki talist til ábyrgðar. Vísað er til ítarlegri skýringa viðgerðaraðilans sem eru svohljóðandi:

„Vegna þvottavélar í eigu X kt. [...] þá sendi B viðgerðarmann heim til X 1.2.08. Var kvartað yfir hávaða og skruðningum í vindu, orsök hávaða var bilun í mótór. Nánar tiltekið brunninn kolator í mótór, orsök slíkra bilana eru alltaf vegna þess að mótór nær

ekki að snúast eðlilega ýmist vegna þess að of mikið er sett í vélar eða aðskotahlutur skorðar tromlu fasta þannig að hún getur ekki snúist. Ekki var hægt að finna neinn aðskotahlut í vélinni hjá X og vegna þess að kolator var brunninn þá er það mat viðgerðarmanns B er kom til B að í vélina hafi verið sett of mikið af þvotti.“

V

Umsögn álitsbeiðanda

Í umsögn álitsbeiðanda segir að þvottavélin hafi aldrei verið ofhlaðin og einungis verið í eðlilegri heimilisnotkun. Þau rök seljanda að bilunin sé rangri notkun að kenna hafi aldrei komið fram áður, hvorki í samskiptum við seljanda eða viðgerðaraðila.

Álitsbeiðandi segir að þegar þvottavélin hafi verið ný hafi mikill hávaði stafað frá henni þegar hún vatt þvottinn. Við skoðun viðgerðarmanns hafi komið í ljós að tromlan hafi ekki verið vel fest og kastast fullmikið til við vindinguna. Viðgerðarmaður seljanda hafi lagað þetta. Leiða megi líkur að því að það álag sem á vélinni hafi verið vegna þessa hafi getað orsakað óeðlilegt slit í mótór hennar.

Að því er ofhleðslu vélarinnar varði segir álitsbeiðandi að þrátt fyrir að hann hafi skoðað notkunarleiðbeiningar vandlega hafi hann hvergi fundið skýr tilmæli um hámarkshleðslu eða aðvörun við ofhleðslu. Hafi hleðsla vélarinnar jafn afdrifaríkar afleiðingar að því er endingu varði, eins og seljandi vilji nú vera láta, hljóti það að vera skylda hans að láta það koma skýrt fram við kaupin eða í skriflegum leiðbeiningum en hvorugt hafi verið gert í tilviki sínu.

VI

Úr gögnum málsins

Kærunefndin fékk til skoðunar frá álitsbeiðanda notandabækling um þvottavélina. Í bæklingnum sýnist ekki sérstaklega tekið fram hve mikið af þvotti sé óhætt að setja í þvottavélina að hámarki eða sérstaka aðvörun þar að lútandi. Hins vegar er þar að finna töflu um þyngd á ýmsum tegundum þvotts og einum stað er að finna tilvísun til 5 til 1 kíló og á tveimur stöðum er tilvísun til 3 kílóa magns þegar um ákveðin þvottaprögrömm er að ræða.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Í b-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að hlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað og í 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að hlutur sé gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. laganna. Þá segir í d-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 að söluhlutur sé gallaður hafi nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu ekki fylgt hlutnum.

Í 1. mgr. 26. gr. er kveðið á um úrræði neytanda ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða.

Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar liggur fyrir vottorð viðgerðarmanns sem rakið er að framan um það að bilun í mótór þvottavélarinnar geti af engu öðru stafað en svo mikið hafi verið sett í þvottavélina að hún hafi ekki getað snúist eðlilega og verður að skilja það svo að með þeim hætti hafi mótornum verið ofgert. Kærunefndin leitaði álits sérfróðs aðila á þessari yfirlýsingu og tók hann undir hana í einu og öllu. Kærunefndin telur að henni sé óhjákvæmilegt að byggja niðurstöðu sína á áliti framangreindra aðila, þ.e.a.s. að ástæðu þess að mótór þvottavélarinnar bilaði megi rekja til þess að hún hafi verið ofhlaðin. Þótt í upplýsingum framleiðanda sem þvottavélinni fylgdu sé ekki sérstaklega tekið fram hver megi vera hámarksþyngd þess þvottar sem óhætt sé að setja í vélina þá lítur kærunefndin svo á að það geti ekki í því tilviki sem hér um ræðir fellt ábyrgð á biluninni á seljanda samkvæmt d-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 sem að framan er rakin. Verður að líta til þess að þá kröfu verður að gera til neytanda, þótt seljandi gefi ekki um það skýr varnaðarfyrirmæli, að hann noti ekki keypta hluti þannig að hætta sé á því að þeim sé ofgert og má segja að slíkt eigi raunar að liggja í augum uppi. Af þessum ástæðum álítur kærunefndin að álitsbeiðandi verði að bera sjálfur það tjón sem af bilun mótorsins leiddi, sbr. ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003, og því verði kröfur hans á hendur seljanda ekki teknar til greina.

VIII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur seljanda, Y er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

